

HÉRAÐSBÓKASAFN AUSTUR- HÚNAVATNSSÝSLU

Fundur í stjórn Héraðsbókasafnsins haldinn þann 7. maí 2008.

Mættir eru undirritaðir.

Dagskrá.

1. Starfsmannamál
2. Opnunartími safnsins
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fyrir lá að ræða um starfsmannahald á safninu. Núverandi bókavörður hefur samning til 15. maí og þar sem fyrir liggur að núverandi forstöðumaður, Þorvaldur G. Jónsson kemur ekki aftur til starfa þarf að auglýsa starf forstöðumanns. Stjórn ákvað að fresta ráðningu forstöðumanns fram í ágúst þar sem Katharina, núverandi bókavörður er tilbúin að framlengja samning sinn í sumar.
2. Opnunartími safnsins í sumar: Akveðið var að hafa opið í júní: mánudaga kl. 17-19, miðvikudaga kl. 17-20, föstudaga kl. 17-19. Í júlí og ágúst verði opið einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 16-21.
3. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Gréta Björnsdóttir

Hlíf Sigurðardóttir

Stefanía A. Garðarsdóttir

Katharina A. Schneider